



**Samanburður á fjölda tilkynninga til
barnaverndarþjónusta á fyrstu þremur
mánuðum áranna**

2024 - 2026

Efnisyfirlit

<i>Tilkynningar til barnaverndarþjónusta</i>	4
Tafla 1. Fjöldi tilkynninga eftir kyni	4
Tafla 2. Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði	4
Mynd 1. Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði	4
Tafla 3. Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði	5
Tafla 4. Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir kyni.....	5
Tafla 5. Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun	5
<i>Ástæður tilkynninga og tilkynnendur</i>	6
Tafla 6. Ástæður tilkynninga	6
Mynd 2. Ástæður tilkynninga	6
Tafla 7. Ástæður tilkynninga: vanræksla á börnum og undirflokkar.....	7
Tafla 8. Ástæður tilkynninga: ofbeldi gegn börnum og undirflokkar.....	8
Tafla 9. Ástæður tilkynninga: áhættuhegðun barna og undirflokkar	9
Tafla 10. Hversu oft var barn metið í yfirvofandi hættu?	10
Tafla 11. Tilkynnendur	10

Barnaverndarþjónustur landsins eru 23 talsins og mánaðarlega skila þær *sískráningu* til Barna- og fjölskyldustofu sem inniheldur fjölda tilkynninga sem berast til barnaverndar. Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndar skv. sískráningu á fyrstu þremur mánuðum árána 2024, 2025 og 2026¹. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarþjónustanna sem eru birtar árlega á heimasíðu Barna- og fjölskyldustofu.

Tilkynningar til barnaverndar voru 4.812 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2026 sem er fækkun um 4,1% miðað við sama tímabil árið á undan þegar tilkynningar voru alls 5.020. Tilkynningum fækkaði um 5% í Reykjavík og um 9,8% á landsbyggð en þeim fjölgaði í nágrenni Reykjavíkur um 4,3%. Kynjaskipting tilkynninga var svipuð og árin á undan en 55% tilkynninganna vörðuðu stráka, 44,5% stelpur og 0,5% stálp/kynsegin eða ófædd börn. Nánari upplýsingar má sjá í töflum 1-2 og á mynd 1.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu þremur mánuðum ársins 2026 var 3.555 börn en árið 2025 voru þau 3.643 og 3.329 árið 2024. Sjá nánar í töflum 3-5. Þess ber að geta fjöldi barna er fenginn þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki um að ræða heildarfjölda einstaklinga yfir tímabilið heldur samanlagðan fjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Flestar tilkynningar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2026 voru vegna vanrækslu á börnum, eða tæplega 38%, og næst flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barns, eða tæp 35%. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var rúm 27% og vegna ófædds barns 0,4%. Þessi skipting á milli flokka er svipuð og verið hefur fyrir sama tímabil árin tvö á undan. Í 200 tilfellum mat starfsmaður barnaverndar að barn sem tilkynnt var um væri í yfirvofandi hættu. Sjá töflur 6 og 10 og á mynd 2.

Tilkynningum vegna vanrækslu fækkaði um 4,2% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2026 sé miðað við sama tímabil árið 2025. Sú fækkun í tilkynningum skýrist af 10,5% fækkun á meðal stelpna en tilkynningum vegna vanrækslu stráka fjölgaði um 2%. Ef litið er til undirflokka vanrækslu má sjá fækkun í tilkynningum vegna *vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit* sem nemur 9,5%, en flestar tilkynningar sem berast vegna vanrækslu berast í þann undirflokk. Tilkynningum fjölgaði í öðrum undirflokkum vanrækslu miðað við sama tímabil árið 2025. Sjá nánar í töflu 7.

Fjöldi tilkynninga um ofbeldi gegn börnum var nánast sá sami á fyrstu þremur mánuðum ársins 2026 og á sama tímabili árið 2025. Tilkynningum vegna *tilfinningalegs ofbeldis* fækkaði á tímabilinu miðað við 2025 eftir fjölgun síðustu ár þar á undan. Tilkynningum vegna *líkamlegs ofbeldis* og *kynferðisofbeldis* fjölgaði á umræddu tímabili. Sjá nánar í töflu 8.

Heilt á litið fækkaði tilkynningum um áhættuhegðun barna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2026 miðað við sama tímabil árið 2025. Breytingin er þó ólík eftir undirflokkum áhættuhegðunar þar sem fækkun hefur átt sér stað varðandi *neyslu barns á vímuefnum eða öðrum skaðlegum efnum* og vegna *barna sem beita ofbeldi* en fjölgun hefur orðið í undirflokkunum *barn kemur sér undan forsjá og námsástundun* og/eða *hegðun barns í skóla áfátt*. Sjá nánar í töflu 9.

Almennt séð berast flestar tilkynningar frá opinberum aðilum, en það á við um tæp 75% allra tilkynninga sem bárust á fyrstu þremur mánuðum ársins 2026, svipað hlutfall og hefur verið síðustu ár. Lögreglan sendir inn flestar tilkynningar, eða 37,8% allra tilkynninga á tímabilinu, en tilkynningum frá lögreglunni hefur fækkað um 6,3% á milli ára. Sjá nánar í töflu 11.

¹ Í einhverjum tilvikum kann samanlagt prósentuhlutfall að vera 99,9% eða 100,1% vegna námundunar.

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta

Tafla 1. Fjöldi tilkynninga eftir kyni


Kyn	Fyrstu þrír mánuðir 2024		Fyrstu þrír mánuðir 2025		Fyrstu þrír mánuðir 2026	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Strákar	2.444	54,8	2.733	54,4	2.649	55,0
Stelpur	1.991	44,6	2.246	44,8	2.140	44,5
Stálp/kynsegin	5	0,1	6	0,1	3	0,1
Ófædd börn	22	0,5	35	0,7	20	0,4
Samtals	4.462	100	5.020	100	4.812	100

Tafla 2. Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrír mánuðir 2024		Fyrstu þrír mánuðir 2025		Fyrstu þrír mánuðir 2026	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	1.745	39,1	1.783	35,5	1.694	35,2
Nágrenni Reykjavíkur ¹	1.213	27,2	1.409	28,1	1.469	30,5
Landsbyggð	1.504	33,7	1.828	36,4	1.649	34,3
Samtals	4.462	100	5.020	100	4.812	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Mynd 1. Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði



Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Tafla 3. Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrír mánuðir 2024		Fyrstu þrír mánuðir 2025		Fyrstu þrír mánuðir 2026	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	1.239	37,2	1.256	34,5	1.146	32,2
Nágrenni Reykjavíkur ¹	910	27,3	1.007	27,6	1.099	30,9
Landsbyggð	1.180	35,5	1.380	37,9	1.310	36,8
Samtals	3.329	100	3.643	100	3.555	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Tafla 4. Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir kyni

Kyn	Fyrstu þrír mánuðir 2024		Fyrstu þrír mánuðir 2025		Fyrstu þrír mánuðir 2026	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Strákar	1.820	54,7	1.969	54,0	1.958	55,1
Stelpur	1.483	44,5	1.640	45,0	1.580	44,4
Stálp/kynsegin	5	0,2	5	0,1	3	0,1
Ófædd börn	21	0,6	29	0,8	14	0,4
Samtals	3.329	100	3.643	100	3.555	100

Tafla 5. Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu þrír mánuðir 2024		Fyrstu þrír mánuðir 2025		Fyrstu þrír mánuðir 2026	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ákveðið var að hefja könnun²	1.970	59,2¹	2.240	61,5¹	2.047	57,6¹
<i>Strákar</i>	<i>1.014</i>	<i>51,5</i>	<i>1.155</i>	<i>51,6</i>	<i>1.068</i>	<i>52,2</i>
<i>Stelpur</i>	<i>938</i>	<i>47,6</i>	<i>1.066</i>	<i>47,6</i>	<i>969</i>	<i>47,3</i>
<i>Stálp/kynsegin ófædd börn</i>	<i>18</i>	<i>0,9</i>	<i>19</i>	<i>0,8</i>	<i>10</i>	<i>0,5</i>
Þar af nýjar kannanir	987	29,6¹	975	26,8¹	863	24,3¹
<i>Strákar</i>	<i>509</i>	<i>51,6</i>	<i>502</i>	<i>51,5</i>	<i>437</i>	<i>50,6</i>
<i>Stelpur</i>	<i>465</i>	<i>47,1</i>	<i>463</i>	<i>47,5</i>	<i>420</i>	<i>48,7</i>
<i>Stálp/kynsegin eða ófædd börn</i>	<i>13</i>	<i>1,3</i>	<i>10</i>	<i>1,0</i>	<i>6</i>	<i>0,7</i>

¹ Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

² Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

Ástæður tilkynninga og tilkynnendur


Barnaverndarþjónustur flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu á börnum, ofbeldi gegn börnum, áhættu hegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófæddis barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

Tafla 6. Ástæður tilkynninga

	Fyrstu þrír mánuðir 2024		Fyrstu þrír mánuðir 2025		Fyrstu þrír mánuðir 2026	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	1.801	40,4	1.897	37,8	1.816	37,8
Ofbeldi	1.122	25,2	1.311	26,1	1.305	27,1
Áhættu hegðun barna	1.512	33,9	1.771	35,3	1.668	34,7
Vegna ófæddis barns	22	0,5	35	0,7	20	0,4
Alls	4.457¹	100	5.014¹	100	4.809¹	100

¹Auk þeirra tilkynninga sem hér koma fram, bárust 5 tilkynningar um Stálp/kynsegin (barn sem féll utan kynjatvihyggju) árið 2024, 6 árið 2025 og 3 árið 2026. Til að gæta að persónuverndarsjónarmiðum eru tilkynningar þessara barna ekki greindar nánar niður í flokka.

Mynd 2. Ástæður tilkynninga



Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirflokkum t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Tafla 7. Ástæður tilkynninga: vanræksla á börnum og undirflokkar

Vanræksla á börnum undirflokkar	Fyrstu þrír mánuðir 2024		Fyrstu þrír mánuðir 2025		Fyrstu þrír mánuðir 2026	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	1.801		1.896		1.816	
<i>Strákar</i>	942	52,3	952	50,2	971	53,5
<i>Stelpur</i>	859	47,7	944	49,8	845	46,5
Líkamleg vanræksla	63		70		99	
<i>Strákar</i>	35	55,6	33	47,1	43	43,4
<i>Stelpur</i>	28	44,4	37	52,9	56	56,6
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.546		1.590		1.439	
<i>Strákar</i>	800	51,7	803	50,5	763	53,0
<i>Stelpur</i>	746	48,3	787	49,5	676	47,0
Þar af foreldrar í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu	527		657		562	
<i>Strákar</i>	270	51,2	341	51,9	280	49,8
<i>Stelpur</i>	257	48,8	316	48,1	282	50,2
Vanræksla varðandi nám	97		96		136	
<i>Strákar</i>	58	59,8	53	54,7	82	60,3
<i>Stelpur</i>	39	40,2	43	45,3	54	39,7
Tilfinningaleg vanræksla	110		160		184	
<i>Strákar</i>	57	51,8	76	47,5	96	52,2
<i>Stelpur</i>	53	48,2	84	52,5	88	47,8

Tafla 8. Ástæður tilkynninga: ofbeldi gegn börnum og undirflokkar

Ofbeldi gegn börnum undirflokkar	Fyrstu þrír mánuðir 2024		Fyrstu þrír mánuðir 2025		Fyrstu þrír mánuðir 2026	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ofbeldi	1.122		1.311		1.305	
<i>Strákar</i>	585	52,1	639	48,7	616	47,2
<i>Stelpur</i>	537	47,9	672	51,3	689	52,8
Tilfinningalegt ofbeldi	595		747		694	
<i>Strákar</i>	320	53,8	361	48,3	315	45,4
<i>Stelpur</i>	275	46,2	386	51,7	379	54,6
þar af hálfu náins aðila ¹	225		239		257	
<i>Strákar</i>	132	58,7	106	44,1	108	42,0
<i>Stelpur</i>	93	41,3	133	55,9	149	58,0
Líkamlegt ofbeldi	394		394		454	
<i>Strákar</i>	236	59,9	232	58,9	265	58,4
<i>Stelpur</i>	158	40,1	162	41,1	189	41,6
þar af hendi náins aðila	101		112		104	
<i>Strákar</i>	52	51,5	71	63,4	53	51,0
<i>Stelpur</i>	49	48,5	41	36,6	51	49,0
Kynferðisofbeldi	169		194		214	
<i>Strákar</i>	47	27,8	60	30,9	74	34,6
<i>Stelpur</i>	122	72,2	134	69,1	140	65,4
þar af hendi náins aðila	32		34		23	
<i>Strákar</i>	4	12,5	6	17,6	3	13,0
<i>Stelpur</i>	28	87,5	28	82,4	20	87,0
þar af stafrænt kynferðisofbeldi	17		14		22	
<i>Strákar</i>	5	29,4	6	42,9	9	40,9
<i>Stelpur</i>	12	70,6	8	57,1	13	59,1

¹Hér hefur orðið breyting á orðnotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðanotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila.

Tafla 9. Ástæður tilkynninga: áhættu hegðun barna og undirflokkar

Áhættu hegðun barna undirflokkar	Fyrstu þrír mánuðir 2024		Fyrstu þrír mánuðir 2025		Fyrstu þrír mánuðir 2026	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Áhættu hegðun barna	1.512		1.771		1.668	
<i>Strákar</i>	919	60,8	1.144	64,6	1060	63,5
<i>Stelpur</i>	593	39,2	627	35,4	608	36,5
Neysla barns á vímuefnum/skaðlegum efnum	313		332		271	
<i>Strákar</i>	135	43,1	196	59,0	178	65,7
<i>Stelpur</i>	178	56,9	136	41,0	93	34,3
Barn sýnir sjálf skaðandi hegðun	425		450		456	
<i>Strákar</i>	210	49,4	236	52,4	229	50,2
<i>Stelpur</i>	215	50,6	214	47,6	227	49,8
Barn kemur sér undan forsjá ¹	58		74		124	
<i>Strákar</i>	24	41,4	42	56,8	75	60,5
<i>Stelpur</i>	34	58,6	32	43,2	49	39,5
Afbrot barns	260		303		297	
<i>Strákar</i>	201	77,3	234	77,2	226	76,1
<i>Stelpur</i>	59	22,7	69	22,8	71	23,9
Barn beitir ofbeldi	322		455		350	
<i>Strákar</i>	264	82,0	360	79,1	262	74,9
<i>Stelpur</i>	58	18,0	95	20,9	88	25,1
Námsástundun og /eða hegðun barns í skóla áfátt	168		197		232	
<i>Strákar</i>	103	61,3	101	51,3	125	53,9
<i>Stelpur</i>	65	38,7	96	48,7	107	46,1

Tafla 10. Hversu oft var barn metið í yfirvofandi hættu?

	Fyrstu þrír mánuðir 2024		Fyrstu þrír mánuðir 2025		Fyrstu þrír mánuðir 2026	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu¹	220		182		200	
Strákar	103	46,8	88	48,4	118	59,0
Stelpur	113	51,4	92	50,5	80	40,0
Stálp/kynsegin eða ófætt barn	4	1,8	2	1,1	2	1,0

¹ Mat starfsmanns barnaverndar

Tafla 11. Tilkynnendur

	Fyrstu þrír mánuðir 2024		Fyrstu þrír mánuðir 2025		Fyrstu þrír mánuðir 2026	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Lögregla	1.802	40,4	1.938	38,6	1.815	37,8
Skólaþjónusta	802	18,0	938	18,7	963	20,0
Heilbrigðisþjónusta	460	10,3	512	10,2	513	10,7
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	147	3,3	153	3,1	146	3,0
Leikskóli/dagforeldri	78	1,7	78	1,6	108	2,2
Önnur barnaverndarþjónusta	33	0,7	55	1,1	29	0,6
Íþróttir/tómstundastarf	20	0,4	25	0,5	25	0,5
Opinberir aðilar samtals	3.342	74,8	3.699	73,8	3.599	74,9
Foreldrar barns	306	6,9	291	5,8	313	6,5
Nágrannar	201	4,5	227	4,5	255	5,3
Annað nærumhverfi barns	280	6,3	282	5,6	217	4,3
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	94	2,1	145	2,9	115	2,4
Barnið sjálft	23	0,5	21	0,4	15	0,3
Aðrir en opinberir aðilar samtals	904	20,3	966	19,2	906	18,9
Aðrir	216	4,8	355	7,1	298	6,2
Samtals	4.462	100	5.020	100	4.812	100